

Ed.

640. Frumvarp til laga

[231. mál]

um breyting á lögum nr. 31 5. maí 1970, um dýralækna.

(Eftir 3. umr. í Nd., 26. apríl.)

1. gr.

Í stað 11. liðar 2. gr. laganna komi tveir töluliðir, svofelldir, og breytast töluliðir greinarinnar skv. því:

11. Dalvíkurumdæmi: Ólafsfjörður, Dalvík, Svarfaðardalshreppur, Hrisey, Árskógsstrandarhreppur.
12. Vestur-Eyjafjarðarumdæmi: Akureyri, Hrafnagilshreppur, Glæsibæjarhreppur, Öxnadalshreppur, Skriðuhreppur, Arnarneshreppur.

Í stað 17. liðar, sem verður 18. liður sömu lagagreinar, komi tveir töluliðir, svofelldir, og breytast töluliðir greinarinnar skv. því:

18. Kirkjubæjarklaustursumdæmi: Hörgslandshreppur, Kirkjubæjarhreppur, Leiðvallahreppur, Skaftártunguhreppur og Álftavershreppur.
19. Skógaumdæmi: Hvammshreppur, Dyrhólahreppur, Austur-Eyjafjallahreppur og Vestur-Eyjafjallahreppur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.